

Alþingi
nefndasvið@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. júní 2018

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (622. mál)

Vísað er til frumvarps til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem lagt hefur verið fram sem þingskjal 1029 – 622. mál á 148. löggjafarþingi 2017-2018.


Krabbameinsfélag Íslands fagnar auknum kröfum um vernd við vinnslu persónuupplýsinga og leggur áherslu á að löggjöf hér á landi verði sem líkust því sem er annars staðar, sem er mikilvægt, m.a. í tengslum við samstarf um vísindarannsóknir.

Mikill kostnaður er fyrir sjáanlegur varðandi innleiðingu nýrra persónuverndarlaga, m.a. hjá Krabbameinsfélagi Íslands.

Í 10. kafla greinargerðar frumvarpsins er fjallað um mat á áhrifum löggjafarinnar á ríkissjóð. Krabbameinsfélag Íslands sinnir verkefnum fyrir stjórnvöld, lýðgrundaðri skimun fyrir krabbameinum og rekstri Krabbameinsskrár. Rekstrarkostnaður þeirra verkefna mun aukast við innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar. Krabbameinsfélag Íslands áréttar að nauðsynlegt er að tekið verði tillit til þess aukna kostnaðar við ákvörðun fjárveitinga vegna verkefnanna.

Virðingarfyllst,

f.h. Krabbameinsfélags Íslands



Halla Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri